

LANDSYFIRRJETTARDÓMAR

OG

HÆSTARJETTARDÓMAR

Í ÍSLENZKUM MÁLUM

1802—1873

—

I

1802—1814

~ ~ ~ ~ ~
SÖGUFÉLAG GAF U1
~ ~ ~ ~ ~

REYKJAVÍK

PRENTSMIDJAN GUTTENBERG — 1916—1918

göngu, lokkanir og áeggjanir náunga sinna til hverrar óhæfunnar á fætur annari, alt samkvæmt laganna boði og grundvallar ástæðum í N. L. 6.—6.—11., 12. og 6.—19.—5. Mál þetta finnur landsyfrireturinn annars með tilhlýðilegum hraða rekið.

Þvi dæmist rjett að vera:

Hjéraðsdómur sýslumanns Jóns Espólins, genginn að Saurbæ á Hvalfjarðarströnd í Borgarfirði þann 18. jan. 1803, yfir Þórði Jónssyni á Hóli í Svinadal, konu hans, Gróu Jónsdóttur, teugdamóður hans, Sigríði Bjarnadóttur og vinnukonu Margrjetu Jónsdóttur, er hjer með af landsyfriretinum staðfestur. Sömu leiðis þar idændur igjalds- og málskostnaðar-reikningur í hjeraði, af sameiginlegu þvi hinna seknu allra, af hverju sýslumanni Espólin og gjaldist upp á hjer framlagðan eigin tillkostnaðar- og varðhalds-reikning fyrir fangana, auðkendan littr. H., 100 rdl., landfögeta Finne sem aktori fyrir landsyfriretinum 2 rdl., og consituertuðum sýslumanni Páli Jónssyni sem defensori 2 rdl., alt af eignum hinna seknu.

Guðmundur Þórðarson skal fyrir meðstuld 7 sanðkinda úr högum árið 1801, launung, þrætni og þverskollun um þenna þjófnad, og þar á ofan fyrir framíð frekt meinseeri, erfiða

í 2 ár í Kaupmannahafnar þrælavardaldi, en sýslumaður Espólin fyrir ofhraparlega af honum tekinn eið þann 8. jan. 1803 bæta 2 rdl. til Justitskassans. Ídændar bætur, igjöld og kostnaður lúkst af hlutaðeigendum innan 6 vikna frá auglýsingu þessa landsyfrirettardóms, undir aðför eptir lögum.

Actum ut supra.

M. Stephensen. Gröndal.

Upp á alt, nema Þórðar Jónssonar straff

Ísl. Einarsson.

B. Stephensen.

III.

Anno 1803 þann 4. mai, var eptirskrifaður dómur uppsagður í hinum konunglega landsyfriretli á Íslandi, í morðmálinu úr Barðastrandar-sýslu:

At gengnum hjéraðsprocessi og dómi að Sauðlankadal, í næstliðnum nóvbr., er ljóst, að giplur bóndi, Bjarni Bjarnason á Sjóundá innan Barðastrandar-sýslu, hefur lagst á hugi við ektakvinnu samþylismanns síns, Jóns Þorgrímssonar, að nafni

Steinnuni Sveinsdóttur, um veturinn 1802,¹⁾ og, eftir Bjarna og Steinnunnar stöðugri meðkenningu, haft iðnlega holdlegt samræði með henni. Af þessu reis að líkindum megn tilfinni milli sambylissfólksins. Einkunn hótuðu þau Bjarni og Steinnunn bándanum Jóni illu, og sjer í lagi konu Bjarna, Guðrúnu Egilsdóttur, líffjóni, ef hún fyndi að lífa- aði þeirra eða bæri hann út. Á aðra síðuna leiddi dagvaxandi heitt á milli þeirra seku og varvirtu persóna, en á hina vaxandi lostagind þau Bjarna og Steinnuni til að ráðgast nnn og áselja að fremja morð-illvirki á Jóni bónda Þorgrimssyni, þegar hentugleikar byðust. — Bjarni lýsir, að Steinnunn hafi sig þar tilhvatt, verið í ráði og vitorði með sjer, en illræðið fullkornaði hann loksins þann 1. apr. 1801, með því að rota mann hennar, Jón Þorgrimsson með göngustaf, draga hann síðan strax fram í sjó og, þegar hann daginn eftir fann hann sjórekinu, þá að grafa líkama hans í fönn við sjóinn, hvaðan hann um fardaga, eða fyrst í júní, flutti líkið og varpaði því aplur í sjó fram af skerjakiöpp, er fram skagaði þar nálægt. Það rak síðan á Saurbæjar landareign þann 26. septbr., var grannskoðað af mönnum og fannst með kvartils djúpa holu á halsi, ofan á við að bringunni, og svo víða, að karlmannsfingri mátti inn í hana smeygja. Þó þessi hola sje að skoðunarmanna á-liti gjörð af mönnum, og full grunsemi sje, um að Bjarni hafi veitt Jóni heitnum þennan sting í

1) Svo í hdr.

förbrotunum, hefur hann þó þverneitað hennar tilverknáði, en þar á móti játað, að þó Jón hefði ei dauðrotast af stafshögginu strax, hefði þó sjerinn, í hvern hann strax fleygði honum, orðið að kæfa hann til fulls.

Nú tóku þau Bjarni og Steinnunn nýja ráðagjörð fyrir, nefnilega einnig að ráða konu Bjarna, Guðrúnu Egilsdóttur, af dögum, svo að þau Bjarni og Steinnunn mættu þar eftir eklast. Steinnunn fygdi fast að því, að Bjarni myrti konu sína, og hótaði annars að ophera morð á Jóni manni sínum. Bjarni fær Steinnuni rottupúður og eirsvarf, til að gefa konu sinni Guðrúnu inn í graut, og þar með að drepa hana þann 29. apríl, en þetta eitru orkaði eigi svo mikils. Konan fjékk að sönnu megn uppköst og stríða verki, sem henni bótunuð þó að miklu leyti nokkru síðar. Guðrún heitin lýsti þessu atvikri sjálf fyrir sinn dauða. Loksins verða þau Bjarni og Steinnunn samráða og samtaka í að kyrkja og kæfa konu Bjarna, Guðrúnu Egilsdóttur, við fjárkviar, þann 5. júlí¹⁾ 1802. Steinnunn heldur höndum hennar í förbrotunum, meðan Bjarni framkvæmir þessa niðangalegu óhæfu á sinni eigin konu, unz þeim virðist hún dauð. Síðan báru þau Bjarni og Steinnunn Guðrúnar lík í brekáni heim í bæinn, hvar einunnigis ung börn þeirra voru fyrir, sögðu konuna sálast hafa úr brjóstverki og hjetu jarða skómmu síðar. Í alræmi komst þó að-ur, að Guðrún heitin mundi svo skýndlega dán

1) Svo í hdr.

af Bjarna og Seinnunar völdum, af hverra vonda samliði hið versta orð fór, svo sóknarpresturinn, prófasturinn Jón Ormson, myndaðist við að láta líkið skoða af mönnum, áður en hann það gróf. Dró þó ekki einungis í 8 daga, eður til 21. júní, að tilkynna þetta viðkomandi sýslumanni, án þess að minnast hið minsta á, að nokkurn áverka sæji á líkinu, eða inna að því, að chirurgus gjörði þar yfir nokkra líkskurðarskoðun, en þótt síðan sje vínað um bláma og blóðblóðrur, upplástur þess og annað ísárvert við sömu prófastsskoðun, heldur skrifar prófastur þetta til einhverrar málamyndar, vegna sveiarróms, hvern hann þó telur á alls engum fæti byggðan. Úr lítvortis áverkannum gjörði hann lítið við skoðunina, og sýndist leitast við að hann öllu umtali um hann, einkum um bláma fyrir ofan hægri brjóst konunnar og blóðblóðrur, sem sýnast vína um enn harðúðlegri meðferð, en Bjarni og Steinunn meðkenna. Lóksins hlíðrur prófastur sjer með víflengjum, í innleggi af 8. nóvbr. 1802, hjá ytarlegum vinnisburði um það, sem sjer sje opinberað sem prestli, jafnvel utan skriptastóls, og gjörir sig þar með grunsaman um hirðulítil embættisafskipti af svo stórkostlegu máli, ef ei um hylmingar meðfylgi. En hirðuleysi sitt í húsviðinu, eplir tilsk. af 27. maí 1746, á Sjóundá, hvar ósamlyndi og hneykslanlegt líferni gjörði hana þó nauðsynlegri jafnvel en eina messugjörð, meðkenni hann sjálfur.

Hjerasdómarinn hefur og með oflöngum drætti á upptekt þessa máls og á embættisverkum

í því, — vegna privat erindagjörða fyrir aðra, til hverra útfærslu honum var allt eins hægt að útvega sjer fullmektugan við landsyfrijettinn, ellegar senda til hans innlegg, eins og nú í þessu máli — brotið móti tilsk. af 3. júní 1796 § 25, þar hann fyrst þann 8. nóvbr. 1802 heldur ransókn og rjett í því, þó honnum væri það löngu áður tilkynnt, og Bjarni Bjarnason hefði þá lengi í varðhaldi beðið. Ekki heldur gjörir hann í tíma neina ráðstöfun fyrir löglegri skoðun þeirra myrtu líka af viðkomandi chirurgo, en hraðar sjer þó með dómsalkvæði, að óafheyrðum nokkrum stefndum, en vantandi, vitnum, hverra að sönnu ekki við þurfti til að sanna það falheyrða óhæfuverk, er þau Bjarni og Steinunn framíð höfðu með ráðum, illum ásetningi og morði á eigin saklausum og vanvirtum ektamökum, vegna skammarlegs lostalifernis, þar óhæfuverk þeirra Bjarna og Seinnunar eru af eigin jáhningu þeirra og nógum vitnuðum líkum, jafnvel af munnum þeirra myrtu, augjós, heldur til að fullnægja málsóknar formi með innstefnd vinni.

Því dæmist rjett að vera:

Bjarni Bjarnason frá Sjóundá í Barðastrandarsýslu skal fyrir skammarlegt hörðómsliferni frama hjá konu sinni, Guðrúnu Egilsdóttur, með giptri konu, Steinunni Sveinsdóttur á sama bæ, fyrir framíð morð á hennar saklausa og vanvirta manni, Jóni Þorgrinssyni,

þann 1. apríl 1802, fyrir morðtilraunir við konu sína, Guðrúnu Egilsdóttir, með eiturbyrlun þann 29. sama mánaðar, og fyrir niðangalegt framið morð og kyrkingu hennar þann 5. júní næst eftir, klípast alls 5 sinnum með glóandi tóngum, nefnilega á báðum morðplássunum tvisvar milli þeirra og seinast á aftökustaðnum, flýgtast með bert höfuð úr fangelsinu til hans, með snöru um háls og samandundnar hendur, missa síðan lífandi hægri hönd sína og seinast höfuðið. Líkamann leggi böðullinn á steglur og festi hans hönd og höfnuð þar uppýfir á stjaka, þetta allt eftir tilsk. af 16. oktr. 1697, 7. febr. 1749 og kongsbréfinu af 22. desbr. 1758. Steinnun Sveinsdóttir skal, fyrir meðvitund og ráð með Bjarna þessum um morð eiginmanns hennar Jóns Þorgrímssonar, fyrir skammarlegt hórífærni með Bjarna, fyrir morðtilraun við Guðrúnu konu hans með eithri, áeggjanir við Bjarna til hennar morðs og eigin verknaðar tilhjálp við þess fullkonnun þann 5. júní 1802, missa höfuðið og það síðan uppsefjast á stjaka, en kroppurinn grafst á aftökustaðnum. Hún og Bjarni hafi fyrirgjört landi og lausum aurum til kongs, að afdregnum löglegum málskostnaði, bæði

eftir hjeraðsdominum og nú til landsyfrijettarins, hvar af aktor, sýslumaður Þspólin, meðtaki 9 rdl., en defensor, consti. sýslumaður Páll Jónsson 4 rdl. af þúnum hinna seku, en hrótkvi þau ekki til, þá af Jústískassanum. Að því leyti, sem þú þeirra framar til ná, gjaldist og af þeim löglegur varðhaldskostnaður, nunz þessi landsyfrijettardómur fellur. Sá Bjarna Bjarnasyni í hjeraðsdominum tilðæmdeíður á ei að leyfast. Sjerhvert þeirra í hjeraðí stefndu, en vantandi vitna, gjaldi fális-máls sekt, 10 rdl. cour. Fyrir óleyflegan drátt málsins fyrirtektar og vantandi líkskurðargjörða úrveggun bæti hjeraðsdomarinn 20 rdl. til fátækra í sveit þeirri, hvar málið var sótt, eftir tilsk. af 3. júní 1796 § 35, en prófastur Jón Ormsson á, eftir biskups fyrirskipun, að sæta lagatiliáli fyrir alla embætis forsómun og grunn sömu afskipti hans um þetta mál, bæði hvað húsvitjunar forsómun og lagfæringar tilrauna á vondu samlífi Sjöundarfólks 1802 snertir, og ekki sízt hans afskipti við líkskoðun og greftun Guðrúnar heitinnar, niðurböggun almennings orðróms um þessi afbrot, drátt og hylmandi orðun auglýsingar hjér um til yfirvaldsins, tilhlutun um þeirra seku sambúð, eða ráð-

gjört hjónaband og alt annað hjér að lítandi, eptir því sem öll líkleg vinni fá upplýst, við hverra framburð sakapersónanna frásögn takist og confronterist, svo þar af sjá megi, hvort nefnds prófasts yfirsjón og embættis forsómaninnibindi og fulla hylmingu svo skelflegra ódáða eður ei. Execution má ei fram fara á sakapersónunum, fyrr en að fenginni konunglegri úrlausn um þeirra straff. Frá því málið var loksins upptekið, er það hingað til rekið með löglegum hraða, en ídæmdar 20 rdl. bætur fyrir þess seinu upptekt, gjaldi constitueraður sýslumaður G. Scheving til fátækra innan 6 vikna frá anglyfsingu þessa landsyfrrjettardóms, undir aðför eptir lögum.

Actum ut supra.

M. Stephensen. Gröndal. Ísl. Einarsson.

B. Stephensen.

IV.

Anno 1803, þann 18. ágúst, voru í hinnum konungl. ísl. landsyfrrjettu upplésnir:

1. Úrskurður í misþyrmingarmáli Kristinnar Vigfúsdóttur af Borgarfjarðarsýslu.

Aður en landsyfrrjetturinn félt gelur endilegan dóm í þessu misþyrmingar- og sauðalþjónaðarmáli, finnur hann nauðsynlegt, til upplýsingar þeirri ógreinilegu sköðunargjörð fyrrveranda landsphysici Jóns Sveinssonar á Hki Guðrúnar heitinnar Jónsdóttur, að útvega handlæknis Sveins Pálssonar álit um hana og þá fyrstu, sem gjörð var að Melaleiti þann 8. apr. þ. á. í víðurvíst sýslumanns Espólins og Bjarna prests Arngrimssonar, með fleiru þar að lítandi. Sönnuleiðis að óska nýrrar vitnatektar af núverandi sýslumanni í Borgarfjarðarsýslu, Jónasi Scheving, til upplýsingar þeim spurningum, sem rjetturinn ásetur honum að senda í þessu ekki fullnóg prófaða stórmæli, og skal aktor, landfógei Finne, eptir það rjetturinn hefur meðdeilt honum þá nýju vitnatekt og chirurgi and-svar, tafarlaust stefna Kristínu Vigfúsdóttur hingað fyrir landsyfrrjettinn á ný, til persónulegrar yfirheyrslu og mótt henni fram færa löglegar ákærur, eptir málavöxtum, ásamt til sekta og straffs, fyrir þennar vinnuð hlutdeild í sauðalþjónaði. Sýslumaður Jónas Scheving skal með vitnaleðslunni senda rjettinum viðkomandi sóknarprestis attest um Kristinnar aldur, uppræðingu og undanfarið lífferni, en fyrir vörn í málinu framvegis triaðuri vera, svo sem hjereptir hlutaðeigandi dómari. Allt þetta gjörst með þeim hraða, sem tilskipanin af 3. júní 1796 áskilur.